



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 30. júní, 2008

Ákvörðun nr. 40/2008

Samruni Línuhönnunar hf., Verkfræðistofunnar Afls hf. og Raftæknistofunnar hf.

I.

Með bréfi, dags. 6. júní 2008, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Línuhönnunar hf. (LH), Verkfræðistofunnar Afls hf. (Afl) og Raftæknistofunnar hf. (RTS) sbr. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga (hér eftir nefndir samrunaaðilar). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetningin miðast við viðauka í reglum nr. 881/2005.¹ Samrunaskránni fylgdu ýmis gögn um samrunann, s.s. viljayfirlýsing um fyrirhugaðan samruna og fréttatilkynning, gögn um skiptingu félaganna, auk frekari gagna um öll félögin, s.s. skýrslur Lánstrausts hf. Þá fylgdu ársreikningar allra félaganna vegna áranna 2006 og 2007, þar sem er m.a. að finna upplýsingar um veltu þeirra. Segir að um sé að ræða svokallaðan félagaréttar- og skattalegan samruna sem fari þannig fram að allar eignir og skuldir Afls og RTS, renni inn í LH á grundvelli XIV. kafla laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hluthafar Afls og RTS fái hlutabréf í sameinuðu fyrirtæki sem endurgjald fyrir hluti sína í yfirteknu félögunum. Núverandi hluthafar samrunafélaganna verði hluthafar hins sameinaða félags.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 11. júní 2008, tilkynnti eftirlitið málsaðilum að fullnægjandi tilkynning um samruna hefði borist stofnuninni og að 30 daga frestur sá sem Samkeppniseftirlitið hefði til þess að taka afstöðu til samrunans, sbr. 17. gr. samkeppnislaga, miðaðist við dagsetningu á tilkynningunni.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 18. júní 2008, óskaði eftirlitið eftir því að samrunaaðilarnir veittu upplýsingar um alla þá samvinnu sem þeir hefðu tekið þátt í eða tækju þátt í með öðrum aðilum á markaðnum. Jafnframt óskaði eftirlitið eftir upplýsingum um heildartekjur samrunaaðilanna, án virðisaukaskatts fyrir árið 2007, flokkað eftir því um hvers konar verkfræðiráðgjöf væri að ræða. Frestur til að skila umræddum gögnum og upplýsingum var veittur til 25. júní 2008.

II.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Samrunaaðilar eru þrír, LH, Afl og RTS sem allir starfrækja verkfræðistofur. Í tilkynningunni kemur fram að LH starfi á mörgum sviðum verkfræði og veiti margvíslega þjónustu, þó síst á sviði rafmagnsverkfræði. Samkvæmt heimasíðu LH (<http://www.linuhonnun.is>) skiptast starfssvið LH í Jarðtæknisvið, Orkusvið, Umferðar- og skipulagssvið, Vega- og byggðasvið, Viðhalds- og byggingarsvið, Nýbyggingarsvið, Rannsóknarstofu, Umhverfissvið, Verkefnastjórnarsvið og Öryggissvið.

Um Afl segir að Afl starfi eingöngu á sviði rafmagnsverkfræði. Á heimasíðu Afls (<http://www.afl.is>) kemur fram að Afl hafi starfað frá árinu 1987. Fyrirtækið hafi áratuga reynslu á sviði orkumála, sjálfvirkni- og tölvustýringa, hugbúnaðargerðar og raflagnahönnunar.

Jafnframt segir í tilkynningunni að RTS starfi einnig eingöngu á sviði rafmagnsverkfræði. Á heimasíðu RTS (<http://www.rts.is>) segir að RTS sé ráðgjafar- og hönnunarfyrirtæki á rafmagnssviði. Starfsemin nái yfir hönnun almennra raflagna, tölvukerfa, öryggiskerfa, lýsingarhönnun, hönnun forrita og uppsetningu hússtjórnarkerfa ásamt eftirliti með framkvæmdum. Starfsemin skiptist í þrjá meginþætti sem tengist verkefnum fyrir byggingariðnað, framleiðsluðnað og eftirlitsgeiran.

Í samrunaskránni segir að megin markmiðið með samruna félaganna sé að styrkja enn frekar samstarf við núverandi viðskiptavinum félaganna og bjóða fjölbreyttari lausnir frá öflugum fyrirtækjum. LH hafi ekki starfað á sviði rafmagnsverkfræði, svo sem Afl og RTS geri og því sé verið að skjóta styrkari stöðum undir starfseminum. Sameinað fyrirtæki verði eitt af leiðandi verkfræðifyrirtækjum landsins sem leitast muni við að afla nýrra verkefna erlendis. Ljóst sé einnig að samþjöppun sé að verða og hafi orðið á verkfræðimarkaðnum á síðustu misserum. Sameinað félag LH, Afls og RTS muni að öllum líkindum verða þriðja stærsta verkfræðistofan á þessum markaði og muni leitast við að veita hinum tveimur stærri samkeppnislegt aðhald. Jafnframt sé verið að sameina krafta til að félagið verði samkeppnishæft og geti keppt við erlenda aðila.

III.

Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur samruni LH, Afls og RTS í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftilit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa ekki til kynna að framangreindur samruni muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif. Sameiginleg markaðshlutdeild umræddra fyrirtækja á þeim markaði sem um ræðir bendir sem slík ekki til markaðsráðandi stöðu.

Að öllu framansögðu virtu og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna LH, Afls og RTS á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

IV. Ákvörðunarorð:

„Með viljayfirlýsingu dags. 14. maí 2008, var ákveðið að sameina Línuhönnun hf., Verkfræðistofuna Afl hf. og Raftæknistofuna hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson